# Vinnuskóli Reykjanesbæjar sumarið 2023 - Samantekt

# Inngangur

- Tilheyrði menntasviði frá og með janúar 2023.
- Gunnhildi Gunnarsdóttur úthlutað verkefninu, forstöðumaður 88 hússins og Fjörheima.
- Aníta Lind Róbertsdóttir ráðin forstöðumaður Vinnuskóla, fimmta árið hennar með umsjón.



# Starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

- Sumarstarf fyrir ungmenni í 8. - 10. bekk.
- Áhersla var lögð á *virkni, forvarnir og fræðslu.*
- Hefðbundið starf við götu- og beðahreinsun, og samstarfsverkefni 28 talsins.
- Vinnutímabilið var 12. júní til 27. júlí.
    - 8. bekkur að hámarki 60 klst.
    - 9. og 10. bekkur að hámarki 120 klst.
- Sjö starfsstöðvar í hefðbundnu starfi
    - *Akurskóli, Háaleitisskóli, Heiðarskóli, Holtaskóli, Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli og Stapaskóli.*



# Starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

Fyrir og eftir myndir, pizzuveisla Kadeco









# Starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

Rútína/ virkni og félagsleg tengsl = bætt líðan





# Umsjónarteymið 2023

- Fyrirkomulag sett upp af Anítu Lind R. sumarið 2020.
- Sér um skipulag á starfsemi Vinnuskólans frá grunni.
- Allir búa yfir frumkvæði og leggja sitt af mörkum.
- Myndar góða heild sem er lykillinn að farsælli starfsemi.
- Umsjónarteymið 2023:
    - Aníta Lind Róbertsdóttir *(forstöðumaður)*
    - Hreggviður Hermannsson *(umsjónaraðili samskipta)*
    - Alexandra Mist Gunnarsdóttir *(umsjónaraðili samstarfsverkefna)*
    - Fannar Gíslason *(umsjónaaðili verklegs starfs í Keflavík með áherslu á hrúgur)*
    - Hjördís Lilja Traustadóttir *(umsjónaraðili verklegs starfs í Njarðvík með áherslu á samfélagsmiðla)*

# Undirbúningur sumarsins 2023

- Ráðning forstöðumanns
  - Í hlutastarfi frá 1. febrúar og fullu starfi frá 1. apríl til 31. ágúst.
- Ráðningar flokkstjóra og yfirflokkstjóra
  - Gengið frá öllum ráðningum um miðjan apríl. Umsjónarteymi hóf störf 11. maí.
- Ráðning flokkstjóra frá 15. maí til 11. ágúst
  - Flokkstjórar unnu hefðbundið starf við götu- og beðahreinsun frá 15. maí - 2. júní, og aftur frá 29. júlí til 11. ágúst.
- Námskeiðsvika "Jákvæður leiðtogi" frá 5. - 9. júní. Krafa gerð um mætingu.



# Fjöldi og hlutverk starfsfólks

- 89 umsóknir, en 38 ráðningar í heild.
  - Umsjónarteymið:
    - Forstöðumaður og fjórir yfirflokkstjórar
  - 33 flokkstjórar:
    - Þar af tveir með hóp ungmenna með sértækar stuðningsþarfir
    - Þar af einn í Listasmiðju Fjörheima
    - Þar af þrír flokkstjórar í 52% starfshlutfalli
- Þrír til fimm flokkstjórar í hverjum skóla, í flestum skólum fjórir flokkstjórar.

| Auglýsing | Umsóknir |
|---|---|
| Vinnuskóli Reykjanesbæjar/Sumarstörf - Flokk... | 7 |
| Vinnuskóli Reykjanesbæjar/Sumarstörf - Flokk... | 55 |
| Vinnuskóli Reykjanesbæjar/Sumarstörf – Skrifs... | 13 |
| Vinnuskóli Reykjanesbæjar/Sumarstörf - Yfirfl... | 14 |

# Tölfræði yfir umsóknir grunnskólanema

- 820 grunnskólanemar skráðir í árgangana skólaárið 2022-2023 skv. gagnatorgi Reykjanesbæjar.
- Umsóknir bárust frá **603** ungmennum **(74%)**
  - Þar af 6 ungmenni án kennitölu og því utan kerfis hjá okkur.
  - Svipað hlutfall umsókna og síðastliðin ár, rúmlega 70% af heildarfjölda ungmenna á unglingastigi.
  - 327 (54%) störfuðu í hefðbundnu starfi og 276 (46%) hjá samstarfsverkefnum.
  - Flestar umsóknir frá Holtaskóla (103 umsóknir) og fæstar frá Akurskóla (63 umsóknir)
  - Hlutfallslega flestar umsóknir miðað við nemendafjölda frá Stapaskóla (86% nemenda skólans) og fæstar frá Háaleitisskóla (54% nemenda skólans)

# Tölfræði 2012 - 2022



# Ungmenni með sértækar stuðningsþarfir

- Sérþarfir og sértækar stuðningsþarfir:
  - Sérþarfir: líkamlegar eða andlegar áskoranir, t.d. sjúkdómar, meiðsli, þunglyndi og kvíði.
  - Sértækar stuðningsþarfir: frávik í þroska, m.a. einhverfa og ADHD.
- 77 ungmenni með skráðar sérþarfir eða sértækar stuðningsþarfir í umsókn.
  - 15-20 þeirra hefðu þurft **sérstakan stuðning** til að þörfum þeirra yrði mætt.
  - Fjármagn var fyrir tveimur starfsmönnum sem gátu tekið við að hámarki 8 ungmennum.
- 7 til 12 ungmenni voru því **án þess stuðnings sem þau hefðu þurft.**

# Samstarfsverkefni

- Samstarf Vinnuskólans við æskulýðs- og íþróttafélög, og ýmsar stofnanir í Reykjanesbæ. Þátttaka stofnana breytileg á milli ára.
- Gefur ungmennum (aðallega í 9. og 10. bekk) kost á að óska eftir fjölbrettum sumarstörfum sem tilheyra starfsemi Vinnuskólans.
- Samstarfsverkefnin voru 28 talsins sumarið 2023.
- Áhersla lögð á góð samskipti milli stjórnenda verkefnanna og stjórnenda Vinnuskólans. Góð eftirfylgni yfir sumarið.
- Alexandra Mist Gunnarsdóttir var umsjónaraðili samstarfsverkefna í sumar, sat með samstarfsaðilum fundi og sinnti eftirfylgni yfir sumarið.

| Að vinna með börnum | Íþróttafélögin | Annað |
| --- | --- | --- |
| 1. Kofabyggð<br>2. Leikjaskóli Keflavíkur hjá Sindra<br>3. Leikjaskólinn Ásbrú hjá Hjördísi<br>4. Leikskólinn Akur<br>5. Leikskólinn Garðasel<br>6. Leikskólinn Gimli<br>7. Leikskólinn Holt<br>8. Leikskólinn Stapaskóli<br>9. Leikskólinn Tjarnarsel<br>10. Leikskólinn Völlur<br>11. Listaskóli barna<br>12. Listasmiðja Reykjanes/Fjörheima<br>13. Sport og ævintýraskóli Andrésar<br>14. Ævintýrasmiðja | 1. Golfklúbbur Suðurnesja<br>2. Knattspyrnudeild Keflavíkur<br>3. Knattspyrnudeild Njarðvíkur<br>4. Körfuknattdeild Keflavíkur<br>5. Körfuknattdeild Njarðvíkur<br>6. Reiðskóli Mána<br>7. Sundráð ÍRB<br>8. Taekwondo | 1. Bókasafn Rekjanesbæjar<br>2. Dósasel<br>3. Hunda og kattahotel Ásbrú<br>4. Keflavíkurkirkja<br>5. KFUM og KFUK<br>6. Unglingaráð Fjörheima |

# Námskeiðsvika starfsfólks

- Öll námskeið haldin í sömu viku, en ekki á víð og dreif yfir þrjár vikur eins og áður. Niðurstaðan er meiri ávinningur hvað varðar athygli og þátttöku starfsfólks á námskeiðunum.





NÁMSKEIÐSVIKA 5. - 9. JÚNÍ: JÁKVÆÐUR LEIÐTOGI

| Mánudagur 05.06 | Þriðjudagur 06.06 | Miðvikudagur 07.06 | Fimmtudagur 08.06 | Föstudagur 09.06 |
|---|---|---|---|---|
| 08:00 - 08:45 Hópefli | 08:00 - 12:00 Skyndihjálparnámskeið | 08:00 - 09:30 Barnavernd | 08:00 - 09:00 Sértækar stuðningsþarfir | 08:00 - 12:00 Fyrirlestur frá KVAN |
| 08:45 - 09:00 Nestishlé | | 09:30 - 10:00 Nestishlé | 09:00 - 09:30 Hópefli | |
| 09:00 - 10:00 Inngangur að Vinnuskóla | | 10:00 - 11:00 Símanotkun | 09:30 - 10:00 Nestishlé | |
| 10:00 - 11:00 Workplace og Kría | | 11:00 - 12:00 Samskipti | 10:00 - 11:00 Fyrirlestur frá sálfræðing | |
| 11:00 - 12:00 Hádegishlé | 12:00 - 13:00 Hádegishlé | 12:00 - 13:00 Hádegishlé | 11:00 - 11:30 Ígrundun: jákvæður leiðtogi | |
| 12:00 - 12:30 Mannauðsstjóri | 13:00 - 15:00 Vinnuvernd | 13:00 - 14:00 Vinnustofa um markmið | 11:30 - 12:30 Hádegishlé | |
| 12:30 - 14:30 Verklegt starf og verkferlar | | 14:00 - 14:15 Verklegt starf og verkferlar | 12:30 - 16:00 Beðahreinsun og undirbúningsfundir hjá hverjum skóla fyrir sig | |
| 14:30 - 16:00 Ígrundun: jákvæður leiðtogi | 15:00 - 16:00 Ígrundun: jákvæður leiðtogi | 14:15 - 16:00 Ígrundun: jákvæður leiðtogi | | |

# Virkni, forvarnir og fræðsla.

- Virkni
  - Jákvæð stjórnun og hvatning í daglegu starfi, ungmenni í rútínu yfir sumarið með jákvæðar fyrirmyndir á vinnutíma sem hvetja bæði til virkni í vinnu sem og í frístundum. Eftirfylgni ungmenna hvað varðar mætingu og samskipti við forsjáraðila í tengslum við það.
- Forvarnir
  - Reglur og viðmið Vinnuskólans sem stuðla að heilbrigðara líferni. Forvarnardagurinn sem stuðlar að bættri athygli og skynsemi ungmenna í umferðinni.
- Fræðsla
  - Fræðsludagur ungmenna þar sem farið var yfir fjármál, samskipti og samfélagsmiðla, barnavernd og grunnatriði Vinnuskólans/atvinnulífsins.

# Fræðsludagur

Samskipti, barnavernd, inngangur að Vinnuskólanum/atvinnulífið og fjármál






# Forvarnardagur

Stuðlað að skynsemi og bættu öryggi í umferðinni





# Heilsa og líðan starfsfólks

Góð starfsánægja = endurráðning og reynsla

- Vinnuskólinn leggur áhersu á að stuðla að góðri líðan og heilsu starfsfólks.
  - Föstudagsfundir og ánægjukönnun, starfsánægja 9.46 af 10.
  - Áhrifaþættir starfsánægju: veðurfar og krefjandi samskipti við ungmenni.
- Algengt er að starfsfólk starfi hjá Vinnuskólanum í að lágmarki 2 sumur og í allt að 4-5 sumur.
  - Starfsánægja og upplifunin sem starfsfólk tekur með sér úr sumrinu skiptir miklu máli í ákvörðun fólks um að koma aftur til starfa að ári liðnu. Starfsaldur og reynsla er dýrmæt í þessu starfi.



# Lokaorð: Við erum öll í þessu saman

- Sumarið 2023 gekk einstaklega vel.
  - Alfarið gagnlegar ábendingar frá bæjarbúum, engar "kvartanir".
  - Góð samskipti við forsjáraðila.
- Umsjónarteymið myndaði góða heild og lagði mikilvægan grunn að farsælu sumri.
  - Flokkstjórar til fyrirmyndar og sýnir að vandvirkni við ráðningarferli og námskeiðsvikan skiptir máli.



# Lokaorð: Við erum öll í þessu saman

- Aðrar deildir Reykjanesbæjar voru okkur góður stuðningur og ávallt innan handar. Sérstakar þakkir til:
    - Þórdísar Elínar Kristinsdóttur og *starfsfólks barnaverndar*
    - Iðunnar Grétarsdóttur og *starfsfólks launadeildar*
    - Vilborgar Pétursdóttur, *barna- og fjölskylduteymi*
    - Einars Trausta Einarsson, *yfirsálfræðing Reykjanesbæjar*
    - Kolbrúnar Sigtryggsdóttur og Kristins Óskarsson, *mannauðsstjórnenda*





# Við erum öll í þessu saman

Spurningar?